

Verði staðfestingu löggilts endurskoðanda ekki við komið skal fylgja yfirliti veðbókarvottorð, staðfesting kröfuhafa á fjárhæð gjaldfallinna afborgana og vaxta af veðskuldum, staðfesting gjaldheimtu eða innheimtumanns á skattskuld og greinargerð um lausaskuldir. Í greinargerð um lausaskuldir skulu koma fram upplýsingar um kröfuhafa, fjárhæð einstakra krafna og tengsl þeirra við rekstur útgerðar og fiskvinnslu. Ennfremur skal þá fylgja með ársreikningur fyrir árið 1991.

Óski framleiðandi sem á hærri innstæðu í Verðjöfnunarsjóði en sem nemur gjaldföllnum skuldum sbr. 1.-3. tl. 1. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar eftir að innstæðan gangi til greiðslu afborgana og vaxta af veðskuldum sem falla í gjalddaga eftir 29. maí en fyrir árslok 1992, sbr. 4. tl. 1. mgr. 6. gr., skal hann senda Verðjöfnunarsjóði yfirlit yfir þær skuldir ásamt áætlun um greiðslu á hverjum gjalddaga. Verðjöfnunarsjóður skal annast þessar greiðslur meðan innstæða er fyrir hendi.

Reynist innstæða vera fyrir hendi á reikningi framleiðanda eftir að allar skuldir skv. 1.-4. tl. 1. mgr. 6. gr. hafa verið inntar af hendi getur framleiðandi óskað eftir því, sbr. 5. tl. 1. mgr. 6. gr. að það sem eftir stendur gangi til að greiða ógjaldfallinn hluta höfuðstóls þeirra skulda er um ræðir í 1. tl. 1. mgr. 6. gr. Skal slíkri ósk fylgja samþykki kröfuhafa og yfirlit yfir þær greiðslur sem óskað er eftir að inntar verði af hendi.

8. gr.

Verðjöfnunarsjóður skal sannreyna innsendar upplýsingar skv. 7. gr. eftir því sem ástæða þykir til.

Berist sjóðnum fyrir 1. júlí 1992 ósk frá kröfuhafa um greiðslu gjaldfallinnar skuldar skv. 1.-3. tl. 1. mgr. 6. gr. sem ekki kemur fram á yfirliti framleiðanda skv. 7. gr., en er í flokki skulda sem greiðist upp í sbr. 6. gr., skal sjóðurinn leita staðfestingar framleiðanda á því að skuldin sé óumdeild. Reynist svo vera skal slík skuld greidd að jöfnu við aðrar skuldir í sama flokki. Verðjöfnunarsjóður skal hins vegar ekki hafa frumkvæði að því að leita uppi kröfuhafa sem ekki koma fram á yfirlitum skv. 7. gr.

Þegar innsendar upplýsingar hafa verið yfirfarnar skal sjóðurinn inna af hendi greiðslur til einstakra kröfuhafa hvers framleiðanda í samræmi við ákvæði 6. gr. Skal framleiðanda síðan send skilagrein um greiðslur sem inntar hafa verið af hendi ásamt kvittunum um einstakar greiðslur.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í l. nr. 29, 27. maí 1992, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið 2. júní 1992.

Ólafur G. Einarsson.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um ráðstafanir til að framfylgja ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 757 (1992) um refsiaðgerðir gegn Sambandslýðveldinu Júgóslavíu (Serbíu og Svartfjallalandi).

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1969, um framkvæmd fyrirmæla Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hefur ríkisstjórnin ákveðið að beita ákvæðum laganna til að framfylgja ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 757 (1992) frá 30. maí 1992, um refsiaðgerðir gegn Sambandslýðveldinu Júgóslavíu (Serbíu og Svartfjallalandi) og setur hér með eftirfarandi fyrirmæli:

- 1) Óheimilt er að flytja til Íslands vörur sem upprunnar eru í Sambandslýðveldinu Júgóslavíu (Serbíu og Svartfjallalandi) og fluttar eru út þaðan eftir 30. maí 1992.
 - 2) Starfsemi íslenskra ríkisborgara, eða starfsemi sem fer fram á Íslandi, sem ætlað er að stuðla að útflutningi eða umfermingu vara frá sambandslýðveldinu Júgóslavíu (Serbíu og Svartfjallalandi) er óheimil. Auk þess eru viðskipti íslenskra ríkisborgara eða viðskipti sem fara fram á Íslandi, með vörur sem upprunnar eru í Sambandslýðveldinu Júgóslavíu (Serbíu og Svartfjallalandi) og fluttar eru þaðan eftir 30 maí 1992, óheimil, ásamt notkun íslenskra skipa og flugvéla í slíkum viðskiptum.
 - 3) Íslenskum ríkisborgurum er óheimilt að selja eða útvega aðilum í Sambandslýðveldinu Júgóslavíu (Serbíu og Svartfjallalandi) vörur í þágu fyrirtækis sem rekið er í sambandslýðveldinu Júgóslavíu (Serbíu og Svartfjallalandi) eða stjórnad er þaðan. Auk þess er óheimilt að selja eða útvega slíkar vörur frá Íslandi eða nota til þess íslensk skip eða flugvélar. Starfsemi íslenskra ríkisborgara eða starfsemi á Íslandi sem ætlað er að stuðla að slíkri sölu eða útvegun, er ennfremur óheimil.
 - 4) Íslenskum ríkisborgurum og öðrum aðilum á Íslandi er óheimilt að útvega ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Júgóslavíu (Serbíu og Svartfjallalands) eða fyrirtækjum þar fjármuni eða veita þeim aðra fjárhagslega eða efnahagslega fyrirgreiðslu, eða inna af hendi greiðslur til annarra aðila í sambandslýðveldinu Júgóslavíu (Serbíu og Svartfjallalandi).
 - 5) Undanþegin ákvæðum 3. tl. hér að framan eru sjúkragögn og matvæli notuð í mannúðarskyni. Ennfremur eru undanþegnar ákvæðum 4. tl. hér að framan greiðslur til sjúkrahjálpar, greiðslur í mannúðarskyni og matvæli notuð í mannúðarskyni.
 - 6) Flugvélum á leið til eða frá Sambandslýðveldinu Júgóslavíu (Serbíu og Svartfjallalandi) er óheimilt að fljúga um íslenska lofthelgi eða að hefja sig til flugs frá eða lenda á íslenskum flugvöllum, nema sérstök nefnd öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hafi veitt undanþágu af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum í samræmi við ályktanir öryggisráðsins.
 - 7) Íslenskum ríkisborgurum hvarvetna og öðrum í íslenskri lögsögu er óheimilt að annast viðhald og viðgerðir flugvélahluta og flugvéla, sem eru skráðar í Sambandslýðveldinu Júgóslavíu (Serbíu og Svartfjallalandi) eða starfræktar af aðilum þar í landi. Að auki er óheimilt að selja váttryggingar eða að greiða tryggingabætur vegna notkunar slíkra flugvéla.
 - 8) Þátttaka einstaklinga eða hópa sem fram koma fyrir hönd Sambandslýðveldisins Sambandslýðveldinu Júgóslavíu (Serbíu og Svartfjallalands) í íþróttaviðburðum á Íslandi er óheimil.
 - 9) Samvinna við Sambandslýðveldið Júgóslavíu (Serbíu og Svartfjallaland) á sviði tækni og vísinda, svo og menningarleg samskipti, eru óheimil. Það á einnig við um heimsóknir einstaklinga eða hópa sem eru opinberlega styrktir af, eða koma fram fyrir hönd Sambandslýðveldisins Júgóslavíu (Serbíu og Svartfjallalands).
- Hver sá, sem brýtur gegn ofangreindum fyrirmælum, skal sæta viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1969, nema þyngri viðurlög liggja við samkvæmt öðrum lögum.
- Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytið, 2. júní 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Porsteinn Ingólfsson.